

Skýrsla fræðslunefndar 2024

Í fræðslunefndinni voru Iðunn Svansdóttir, Eygló Hulda Óskarsdóttir, Gunnar Halldórsson, Denise Weber og Katrín Einarsdóttir

Fyrsta námskeið vetrarins var haldið í okt og var það reiðnámskeið með Sigvalda Lárusi, kenndi hann í einkatímum og fylltist strax á námskeiðið og var mikil ánægja nemenda með það.

Tvær sýnikennslur voru haldnar, Önnur með Jakobi Svavari og svo var Fræðslukvöld Borgfirðings, þar sem þau Guðmar Þór, Heiða Dís, Denise Weber og Sofia Halin voru með sýnikennslu og gáfu vinnu sína til styrkar félaginu, var haldin happdrættissala í tengslum við fræðslukvöldi og voru fyrirtækji og einstaklingar á svæðinu með dugleg að styrkja okkur. Komu þessir tveir viðburðir út í góðum plús og fyrir ágóðan voru keyptir speglar í reiðhöllinni sem nú er komnir upp og vonum við að muni nýtast félagsmönnum vel í framtíðinni.

Einnig var boðið upp á fyrirlestur með Sonju Líndal þar sem farið var yfir það hvað gott er að hafa í huga við byrjun vetrarþjálfunar.

Denise Weber bauð upp á námskeið við að vinna í hendi og svo í framhaldi af því var boðið upp á námskeiðið hvernig æfingar nýtast þegar komið væri á bak.

Þórdís Fjeldsted var með sitt vinsæla 50 plús námskeið sem endar með reiðtúr og grillveislu upp á Ölvaldsstöðum.

Einnig var boðið upp á framtamningarnámskeið með Denise, knapaþjálfunarnámskeið með Bergrúnu Ingólfssdóttur, járningarnámskeið með Gunnari Halldórssyni og almennt reiðnámskeið með Ingu Maríu en því miður náðist ekki nægt þátttaka á þessi námskeið og var því ekki hægt að halda þau.

Fyrir hönd Fræðslunefndar

Iðunn Svansdóttir